

Vinafundur til heiðurs Hrafni Magnússyni haldið í Hörpu 14. okt. 2011

Ágætu fundarmenn

Velkomin á málþingið – Vinafundinn- sem haldið er til til heiðurs Hrafni Magnússyni.

Áður en gengið verður til dagskrár ætla ég að minnst **Torfa Sigtryggssonar**, **framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja** sem lést í fyrradag 12. október sl. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, eftir erfið veikindi, 64 ára að aldri.

Torfi hóf störf hjá Lífeyrissjóði húsasmiða á Akureyri árið 1972, samhliða starfi fyrir Trésmíðafélag Akureyrar. Torfi var einn af frumkvöðlum í tölvuvæðingu lífeyrissjóðanna og vann að þessu verkefni fyrir Samtök almennra lífeyrissjóða – SAL 1987-1989. Verkefnið fól í sér að koma upp tölvukerfum hjá lífeyrissjóðum sem voru innan SAL og Reiknistofu lífeyrissjóðanna og breytti innleiðing tölvutækninnar miklu í starfsemi sjóðanna og samskiptum þeirra við sjóðfélaga.

Torfi Sigtryggsson hóf störf hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja 1. september 1989 og tók við starfi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins í ársbyrjun 1990.

Með Torfa Sigtryggssyni hverfur af sjónarsviðinu einn af einn af þeim mönnum sem komu að starfi almennu lífeyrissjóðanna í árdögum þeirra fyrir fjórum áratugum. Torfi var í senn duglegur og framsýnn í störfum sínum og fylgdi eftir þróun tækninnar alla sína starfsævi.

Landsamtök lífeyrissjóða þakka Torfa Sigtryggssyni fyrir mikil og góð samskipti.

Ég bið fundarmenn að rísa úr sætum í virðingarskyni við hinn látna heiðursmann.

Góðir fundarmenn

Hugmyndin að þessu málþingi fæddist síðasta vor, nokkru eftir að Hrafni Magnússon hafði sagt upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. Fljótlega var farið að vinna að undirbúningi og fundin út dagsetning fyrir málþingið.

Í framhaldinu var leitað til nokkurra aðila um að halda erindi á málþinginu og brugðust þeir allir vel við.

En hver er maðurinn Hrafn Magnússon og starfsferill hans? Eftir nám á samvinnuskólanum á Bifröst lauk hann námi í rekstrarfræðum í Stokkhólmi vorið 1968.

Þaðan lá leiðin aftur á Bifröst og þá sem kennari til 1973 en tók þá við starfi framkvæmdastjóra Starfsmannafélags Ríkisstofnana til vorsins 1975.

Hrafn Magnússon hóf störf hjá Sambandi almennra lífeyrissjóða – SAL – 1. maí 1975, en almennir lífeyrissjóðir tóku flestir til starfa í ársbyrjun 1970 og stóðu að stofnun SAL nokkru síðar. Á þeim tíma höfðu verið starfandi um árabíl nokkrir lífeyrissjóðir sem stofnaðir voru með lögum eða í tengslum við kjarasamninga og höfðu þessir sjóðir myndað hagsmunasamtök. Þessi hagsmunasamtök lífeyrissjóða voru sameinuð í árslok 1998 og tók þá Hrafn Magnússon við starfi framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

Fyrst í stað var skrifstofa SAL og vinnuaðstaða Hrafns að Klapparstíg 27 í Reykjavík, en húsið er þekktast fyrir það í dag að þar er á jarðhæð Fornbókaverslun Braga Kristjónssonar. Árið 1980 var skrifstofan flutt að Suðurlandsbraut 30 og þar var starfsemi SAL og síðar LL fram á haustið 2000, en þá var skrifstofan var flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Sætúni 1, Reykjavík. Þar eru einnig til húsa Alþýðusamband Íslands, Starfsgreinasambandið, Sjómannasamband Íslands, Gildi lífeyrissjóður, Efling stéttarfélag og Virk starfsendurhæfingarsjóður.

Að vera í krefjandi starfi og um leið í framvarðasveit lífeyrissjóðanna er ekki einfalt hlutverk. Á 36 ára starfsferli Hrafns hjá samtökum lífeyrissjóða hefur á ýmsu gengið í starfsemi lífeyrissjóða og hefur hlutverk þeirra stóraukist. Heildareignir sjóðanna voru rúmlega 8% af landsframleiðslu árið 1975 þegar Hrafn fór að vinna fyrir sjóðina en voru um 125% um síðustu áramót. Á þessum tíma hafa verið teknar stórar ákvarðanir um starfsemi sjóðanna með breytingum á lögum og í kjarasamningum sem hafa markað tímamót og sett mark sitt á starfsemina til langrar framtíðar. Lífeyrissjóðafólk hefur ávallt þurft að vera á varðbergi við að varðveita dýrmætustu eignina - lífeyrisréttindi sjóðfélaganna - og þá í góðu og samstarfi við öflugra bakhjarla þeirra – samtök á

vinnumarkaði, oft á tíðum stjórnvöld og þá ekki síst stjórnir sjóðanna og sjóðfélaga.

Þegar Hrafn hóf störf fyrir lífeyrissjóðina voru starfandi mjög margir lífeyrissjóðir og langflestir mjög litlir. Flestir urðu sjóðirnir í rúmlega 90 talsins á núunda áratugnum.

Ef við skoðun þróunina frá árslokum 1991 til ársloka 2010 kemur þróunin vel í ljós á þessari glæru. Í árslok 1991 voru þeir 88 en um síðustu áramót voru sjóðirnir komnir í 33, þar af eru nokkrir sem taka ekki á móti iðgjöldum og eru í samrekstri með öðrum sjóðum. Hjá þessum 33 lífeyrissjóðum störfuðu liðlega 200 manns í árslok 2010.

Í aðdraganda málþingsins spurði ég Hrafn hvaða mál hefðu haft mest áhrif á starfsemi lífeyrissjóða þann tíma sem hann hefur komið að málum.

Upp í hugann komu samningar um stofnun lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði árið 1969, Ólafslögin um verðtryggingu fjárskuldbindinga árið 1979, núverandi lög um starfsemi lífeyrissjóða frá 1997 og loks stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða í árslok 1998.

Nær í tíma hefur banka- og efnahagshrunið í október 2008 og afleiðingar þess haft gríðarleg áhrif og gjörbreytt starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna. Nú þremur árum síðar eftir bankahrunið eru möguleikarnir til fjárfestinga innanlands takmarkaðir og gjaldeyrishöft koma í veg fyrir nýjar fjárfestingar í útlöndum.

Það var enginn Eyland í banka- og efnahagshruninu- og fóru lífeyrissjóðirnir ekki varhluta af áhrifum hrunsins frekar en aðrir. Engu að síður hefur mikil eignadreifing sjóðanna komið í veg fyrir að ekki fór þó verr.

Á næstu glæru sjáum við þróun heildareigna lífeyrissjóða frá ársbyrjun 2008, því næst í ágúst sama ár rétt fyrir hrunið og síðan þróunina síðan. Heildareignir námu um 2040 milljörðum í júlí í ár, en síðan hafa lækkanir á erlendum verðbréfamörkuðum leitt til lækkunar heildareigna.

Til þess að sinna krefjandi starfi þarf góðan skilning og stuðning þeirra sem næst standa. Það hefur verið lán Hrafns að eiginkona hans Kristín Erlingsdóttir,

húsmóðir og kennari hefur ávallt staðið þétt fyrir bakið á okkar manni. Sama gildir um fjölskylduna, en þau eiga þrjú uppkomin börn og fimm barnabörn. Það er mikli gæfa.

Sá sem hér mælir hefur þekkt Hrafn í liðlega aldarfjórðung og ber honum vel söguna. Einstakur maður í öllum samskiptum sem á sannarlega sinn þátt í þeirri öfluggu og mikilvægu starfsemi sem lífeyrissjóðirnir standa fyrir. Þetta kom best í ljós í hruninu og öllu því umróti sem því fylgdi.

Fyrir hönd stjórnar LL þakka ég Hrafn fyrir frábær störf í þágu lífeyrissjóðanna í liðlega aldrar þriðjung. Hrafn er ekki farinn af vettvangi - því hann mun koma að ákveðnum verkefnum fyrir LL næstu mánuði. Um leið nota ég tækifærið og bjóða Þóreyju S. Þórðardóttir, hrl. velkomna til starfa, en hún tók við starfi framkvæmdastjóra LL 1. ágúst og verður meðal frummælenda á málþinginu í dag.

Takk fyrir - og snúum okkur að næsta dagskrárlið.